

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir hafnarinnar samkvæmt 11. gr. greiði móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru frá höfninni.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI

RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun.

A.1. Til lýsingar: Um kwst.-máli á kr. 7.98 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknað þannig:

Kr. 13.08 á mánuði af hverjum m² gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í

sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

- B.1. **Til heimilisnotkunar:** Um kWst.-mæli kr. 6.77 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 57.20 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.

- C.1. **Til véla:** Um kWst.-mæli kr. 7.98 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 169.00 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvoita-tækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitinga-húsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

- A.2. **Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verður felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:**
Kr. 32.42 fyrir hverja kWst.

- B.2. **Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akraneshöfn:**
Kr. 16.89 fyrir hverja kWst.

Eftir þessum lið má einnig selja raforku til skipa við Akraneshöfn. Gjald miðast við hverja byrjaða tólf tíma og allt að 40% af ástimplaðri flutnings-getu tengla er verða 3 × 35 A og 3 × 63 A 220 V.

- C.2. **Til véla í matvælaíðnaði:**

Kr. 5.99 fyrir hverja kWst., enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegisdag á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

- E.2. **Til götu- og hafnarlýsingar:**

Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mestaálagsmæli þannig:

- A.3. **Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl, sem mesta ársálag.**

Kr. 7 781.00 fyrir hvert kW mesta álags á árinu og kr. 2.31 fyrir hverja kWst.

II. KAFLI HITANOTKUN

Um kWst.-mæli á:

- D. 1. kr. 4.86 á kWst. án rofs.
D. 2. — 2.94 á kWst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
D. 3. — 2.73 á kWst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
D. 4. — 2.18 á kWst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
D. 5. — 1.55 á kWst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.

D. 6. — 1.79 á kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Rof tími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxta orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxta D.3 má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík, á hverjum tíma og miðast hér við grunnverð kr. 15.40 á olíulíttra. kWst.-gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag, að dómi rafveitustjóra.
- Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu, að dómi rafveitustjóra og rafveitunefndar.

Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert, fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
- Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrir-mælum rafveitunar og settum reglum. M. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, hitastillar notaðir.
- Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D. 1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D. 1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi, í hvert skipti.

III. KAFLI

MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1. Af einfasa kWst.-mæli, allt að 30 amp.	kr.	21.80 á mán.
2. Af þrífasa kWst.-mæli, 50 amp. og minni	—	43.70 - —
3. Af þrífasa kWst.-mæli, yfir 50 amp. til 200 amp.	—	106.10 - —
4. Af þrífasa kWst.-mæli, yfir 200 amp.	—	158.10 - —

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1. Af ein- eða tvíþóla kl.rofa 40 amp. og minni	kr.	135.50 á mán.
2. Af þríþóla kl.rofa 60 amp. og minni	—	173.00 - —
3. Af þríþóla kl.rofa yfir 60 amp. til 200 amp.	—	217.50 - —
4. Af þríþóla kl.rofa yfir 200 amp.	—	276.70 - —
5. Af fjarstýrandi klukkurofa	—	45.00 - —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. — Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI
TENGIGJÖLD
(Heimtaugagjöld)

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. — Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur stofnvara		Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald
	220 V kerfi amp.	380 V kerfi amp.		jarðstrengsh. allt að 15 m eða loft.h. allt að 30 m kr.
1.1	2 × 60	1 × 60	13	13 422.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	18 864.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	27 055.00
1.4		3 × 100	66	44 556.00
1.5	3 × 200		76	50 685.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	83 138.00
1.7		3 × 350	231	142 072.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 4 900.00. — Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa. — Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: $Y_j = (1173 + 13 \times \text{kVA})$ kr.m. — Yfirlengd loftlínu reiknast á hvern meter umfram fyrstu 30 metrana þannig: $Y_l = (192 + 9 \times \text{kVA})$ kr.m., að viðbættum kr. 9 875.00 á hvern stólpa í umfram-línu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna:

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
2.1	150	94 332.00
2.2	300	188 663.00
2.3	500	299 942.00
2.4	750	445 520.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja, að öllu leyti, settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

V. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 665.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 665.00 gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindum verðum er innifalinn 20% söluskattur, nema í II. kafla, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur. Á I. kafla gjaldskrárinnar er einnig lagi 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 341 25. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 26. mars 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 142.

9. apríl 1975.

SAMÞYKKT
um hundahald í Egilsstaðahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Egilsstaðahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upp-hæð þess við það miðuð.
- c. Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir-mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.